

# Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

## Aðgerðaáætlun 2022 - 2024

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsroðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í svo að verndargildi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls haldist. Einnig eru aðgerðir þessar til að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn Þjóðgarðsins. Neðan greindar aðgerðir eru annars vegar aðgerðir næstu þrjú árin, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun Landsáætlunar um uppbyggingu innviða (Landsáætlun) og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun. Áætlunin er uppfærð árlega í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Margar af eftirfarandi aðgerðum eru komnar í ferli við útgáfu áætlunarinnar.

### Árleg eða regluleg verkefni:

#### Aðgerðir

- ✓ Aðgerðaáætlun verði uppfærð árlega.
- ✓ Ár hvert verða verkefni sjálfboðaliða innan Þjóðgarðsins skipulögð.
- ✓ Þjóðgarðurinn haldi utan um fjölda sjálfboðaliða sem koma til starfa og framlag þeirra.
- ✓ Innviðir skulu lagfærðir eftir þörfum og stuðla að öryggi fólks.
- ✓ Árlega er fylgst með ástandi bygginga og gerðar ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Árlegt viðhald verði á göngustígum, stikum og merkingum á gönguleiðum.
- ✓ Landverðir hafi eftirlit með vetrarfærð á göngustígum og geri ráðstafanir vegna hálfu og aurbleytu.
- ✓ Öryggi ferðamanna verði sérstaklega vaktað í ljósi hrun- og fallhættu. Landvörður mun vakta stíga og mannvirki reglulega m.t.t. öryggismála og gera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni.
- ✓ Umhverfisstofnun heldur við og setur upp merkingar vegna gróðurverndar og öryggissjónarmiða eftir þörfum.
- ✓ Öryggis- og neyðarbúnaður yfirfarinn árlega.
- ✓ Tryggt skal að öryggisáætlun fyrir Þjóðgarðinn sé ávallt uppfærð samkvæmt nýjustu upplýsingum annað hvert ár eða eftir þörfum.
- ✓ Árlega verður viðburður í Þjóðgarðinum sem sérstaklega er beint til nærsamfélagsins.
- ✓ Starfsmenn Þjóðgarðsins heimsæki félagasamtök á svæðinu eftir því sem unnt er.
- ✓ Árlega verði gert mat á ástandi reiðleiða og hvort þörf sé á breytingum á legu þeirra til að koma í veg fyrir jarðvegsrof, gróðurskemmdir eða annan ágang.
- ✓ Skilti sett upp samkvæmt áætlun.

#### Regluleg vöktun og eftirlit

- ✓ Ástandsmat verði unnið árlega fyrir fjölsóttu áfangastaði ferðamanna.
- ✓ Samhliða ástandsmati verður áætlun um úrbætur unnin fyrir hvern metinn stað.
- ✓ Þjóðgarðurinn skipuleggi reglulega hreinsun strandarinnar.
- ✓ Árlega verði vöktun á framgangi framandi tegunda plantna innan Þjóðgarðsins og þær sem eru mögulega ágengar verða upprættar.
- ✓ Fylgst verði með jarðvegsrofi og gripið til viðeigandi ráðstafana eftir þörfum.

## Aðgerðaáætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 2022 - 2024

- ✓ Árlega verði vöktun á breytingum á stofnum villtra dýra og fugla innan þjóðgarðsins í samstarfi við þar til bæra aðila.
- ✓ Menningarminjar verði vaktaðar skv. áætlun í samvinnu við Minjastofnun Íslands.
- ✓ Jarðverkfræðingar meti reglulega hættu við áfangastaði með ströndinni og í Vatnshelli með tilliti til hrúnhættu.
- ✓ Merkingar á reiðleiðum verða bættar.
- ✓ Fylgst verði með fjölda fjár, dreifingu og beitartíma árlega og það skráð.
- ✓ Ástand tjaldstaða verði vaktað.
- ✓ Starfsmenn fylgist með og skrái notkun dróna innan þjóðgarðsins.
- ✓ Áhrif þyrluflugs og notkun fjarstýrðra loftfara verði metin árlega og ef mikil fjölgun og aukin truflun verður á umræddum tækjum verða reglur endurmetnar.
- ✓ Starfsmenn þjóðgarðsins taki þátt í rannsóknum innan hans eftir föngum.

## Samráðsfundir, samstarf og upplýsingar

- ✓ Heimasíða um þjóðgarðinn verði uppfærð reglulega á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Þjóðgarðurinn bjóði skólum á svæðinu upp á kynningar og fundi um málefni hans og náttúruvernd almennt.
- ✓ Þriðja hvert ár stendur þjóðgarðurinn fyrir opnum fundum með ungu fólki á Snæfellsnesi.
- ✓ Á þriggja ára fresti verði atvinnustefna þjóðgarðsins endurskoðuð og uppfærð.
- ✓ Þjóðgarðurinn boði til opinna íbúafunda á þriggja ára fresti þar sem málefni hans verða kynnt og rædd.
- ✓ Boðað verði árlega til samráðsfundar með skipulagsyfirlöðum sveitarfélagsins.
- ✓ Þjóðgarðurinn bjóði ferðaþjónustuaðilum árlega til kynningarfundar.
- ✓ Þjóðgarðurinn haldi kynningu/námskeið fyrir fólk í ferðaþjónustu á svæðinu á þriggja ára fresti.
- ✓ Ferðaþjónustuaðilar sem reka starfsemi innan þjóðgarðs verði hvattir til þess að senda starfsmenn eða hluta þeirra á landvarðanámskeið.
- ✓ Þjóðgarðurinn boði árlega til samstarfs- og samráðsfundar með Vegagerðinni.
- ✓ Árlega boði þjóðgarðurinn Minjavörð Vesturlands og Minjastofnun Íslands til samráðs- og samstarfsfundar.
- ✓ Árlega boði þjóðgarðurinn Náttúrustofu Vesturlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og Náttúrufræðistofnun Íslands til samráðs- og samstarfsfundar.
- ✓ Starfsmenn tilkynni til fjallskilaneftndar um fé sem gengur í þjóðgarðinum á vetrartíma.
- ✓ Boðað verði árlega til samráðsfundar með skipulagsyfirlöðum sveitarfélagsins vegna minkaveiða.
- ✓ Starfsmenn þjóðgarðsins taki á móti skólahópum.
- ✓ Þjóðgarðurinn óski eftir fundi með fjallskilaneftnd.
- ✓ Umhverfisstofnun óski áfram eftir fjármagni svo unnt sé að efla landvörslu og fjölga fastráðnum starfsmönnum.
- ✓ Á heimasíðu þjóðgarðsins verði sett upp ítarefni og vefslóðir fyrir áhugafólk og kennara sem vilja fræðast um þjóðgarðinn og/eða vinna verkefni tengd honum.

**2022**

## Aðgerðir

- ✓ Ný hringleið endurbætt á Djúpalónssandi.
- ✓ Bílastæði við Djúpalónssand lagfærð, stækkuð og klæðning lögð á.

#### Aðgerðaáætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 2022 - 2024

- ✓ Göngustígur á milli Djúpalónssands og Dritvíkur lagfærður og hlaðinn að hluta.
- ✓ Hönnun á göngustígum og afþreyingarsvæði á Malarriði.
- ✓ Útilýsing sett upp við bílastæði og göngustíg að vita.
- ✓ Útsýnispallur og áfangastaður hannaður og unninn við Malarriðsvita.
- ✓ Leiksvæði við gestastofu á Malarriði endurbætt og tækjum fjölgað.
- ✓ Hlaða við gestastofu einangruð.
- ✓ Móttöku- og áningarstaður gerður við Saxhól.
- ✓ Fræðsluskilti um eldstöðina Snæfellsjökul sett upp við Saxhól.
- ✓ Stikur og merkingar við gönguleiðir endurnýjaðar.
- ✓ Bílastæði í Skarðsvík stækkað og klæðning lögð.
- ✓ Ný aðkomuskilti sett upp við Svalþúfu.
- ✓ Ný fræðsluskilti sett upp við Svalþúfu.
- ✓ Unnið að því að græða upp gamlar námur.

#### Ferðaleiðir

- ✓ Gerð verði áætlun og forgangsröðun á uppbyggingu og viðhaldi göngustíga.
- ✓ Áætlun gerð um fleiri hringleiðir í þjóðgarðinum.
- ✓ Gamlar leiðir verði skilgreindar í samráði við minjavörð Vesturlands.
- ✓ Sótt verði um fjármagn vegna uppsetningar leiðbeinandi skilta um hjólréiðar á gönguleiðum.
- ✓ Þjóðgarðurinn óski eftir viðræðum við lögreglu og Vegagerð um upplýsingaflæði milli stofnana.
- ✓ Leiðbeiningar vegna aðsteðjandi hættu skulu uppfærðar eftir þörfum.
- ✓ Á heimasíðu þjóðgarðsins verði settar leiðbeiningar um leyfis skyldar framkvæmdir og athafnir innan þjóðgarðsins.
- ✓ Hlekkur fyrir umsóknir vegna starfsemi innan þjóðgarðs verði settur upp á heimasíðu hans.
- ✓ Upplýsingar um tjaldstaði og umgengni verði aðgengilegar á heimasíðu þjóðgarðsins.
- ✓ Leiðbeiningar um umgengni og hættur sem fylgja ferðum á Jökulinn verði á heimasíðu þjóðgarðsins.
- ✓ Tjaldstaðir nánar skilgreindir og hnitsettir.

#### Skilti

- ✓ Gerð verði áætlun um uppsetningu og endurnýjun skilta og vegvísa við gönguleiðir og áningarstaði.

#### Vegir og bílastæði

- ✓ Leitað verði eftir fjármagni til að láta gera þarfagreiningu á bílastæðum við jökulinn og aðstöðu við þau.
- ✓ Óskað verði eftir auknu viðhaldi vega í og við þjóðgarðinn við Vegagerðina.

#### Annað

- ✓ Þjóðgarðurinn komi upp búnaði til notkunar í neyð.
- ✓ Sótt verði um fjármagn til að endurskoða og uppfæra fornleifaskráningu í samvinnu við Minjastofnun Íslands og sveitarfélagið.
- ✓ Sótt verði um fjármagn til að láta gera úttekt á hættu sem að menningarminjum stafar vegna ágangs sjávar.
- ✓ Sótt verði um fjármagn til að vinna minjaheildarsvæði.
- ✓ Sótt verði um fjármagn til að láta kortleggja örnefni í þjóðgarðinum.
- ✓ Tenglar á heimasíður nærliggjandi sveitarfélaga og stofnana verði settir á heimasíðu þjóðgarðsins svo og aðrir gagnlegir vefir.

Aðgerðaáætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 2022 - 2024

- ✓ Lokið verði við gerð atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn.

## 2023

### Aðgerðir

- ✓ Ný salerni reist við vegamót að Djúpalóni.
- ✓ Heimtaug á Malarrífi endurnýjuð.
- ✓ Rafhleðslustöðvar fyrir bíla settar upp á Malarrífi.
- ✓ Bílastæði við Svalþúfu lagfært og stækkað.
- ✓ Skilti með upplýsingum um jökla og jöklaferðir verður sett upp við jökulinn.
- ✓ Unnið að því að græða upp gamlar námur.

### Ferðaleiðir

- ✓ Áningarstaðir og útsýnisstaðir skilgreindir og merktir.
- ✓ Settar verði upp leiðbeiningar um notkun göngustafa á viðkvæmum svæðum.
- ✓ Endurskoðuð verði greining á göngustígum og áningarstöðum sem unnt er að gera aðgengilega fólki með fötlun og áætlun um uppbyggingu þeirra unnin.
- ✓ Merkingar verði settar upp þar sem göngu- og hjólréiðafólki er leyfilegt að tjalda og staðirnir merktir á korti.
- ✓ Hjólagrindur settar upp við gestastofur og á fjölmönnum áningarstöðum.
- ✓ Leiðir sem reiðhjólum er ekki heimilt að fara verða merktar sérstaklega með skiltum við upphaf leiðanna.

### Vegir og bílastæði

- ✓ Óskað verði eftir því við Vegagerðina að settar verði upp vegmerkingar og vegstikur þar sem þeirra er þörf.
- ✓ Óskað verði eftir að skilgreindum vetrarþjónustudögum verði fjölgað og samkomulag verði gert um tilhögun þjónustunnar.
- ✓ Gerð verði þarfagreining á stækkun og fjölgun á bílastæðum í samráði við Vegagerðina.
- ✓ Áætlun um útskot vegna útsýnis og til ljósmyndatöku verði unnin.
- ✓ Óskað verði eftir við Vegagerðina að útskotum við Útnesveg og aðra vegi verði fjölgað og þau bætt.

### Annað

- ✓ Efnistökuastaðir kortlagðir og áætlun gerð um frágang þeirra.
- ✓ Valin svæði í Móðulæknum verða skilgreind sem svæði til sjálfbærrar efnistöku.
- ✓ Kannaður verði fýsileiki þess að setja upp flokkunartunnur við gestastofur Þjóðgarðsins.
- ✓ Þjóðgarðurinn setji upp áætlun til þess að takast á við gróðurelda.
- ✓ Áætlun unnin um viðburði og uppbyggingu í þjóðgarðinum sem höfða sérstaklega til yngra fólks.
- ✓ Upplýsingar um aðstæður þar sem gestir þurfa sérstaklega að gæta sín séu aðgengilega á heimasíðu þjóðgarðsins, þjónustustöðum og leiðbeinandi skiltum.
- ✓ Upplýsingar um veður og færð verði aðgengilegar á heimasíðu þjóðgarðsins og á þjónustustöðvum hans.
- ✓ Upplýsingar um ástand jökulsins verði aðgengilegar hjá þjóðgarði.
- ✓ Linkur fyrir tilkynningar um ferðir á Jökulinn settur upp á heimasíðu þjóðgarðsins.
- ✓ Gerðar verði leiðbeiningar um umferð hrossa í samráði við hagsmunaaðila.

**Aðgerðaáætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 2022 - 2024**

- ✓ Settur verði hnappur á heimasíðu Þjóðgarðsins þar sem reiðmenn geta tilkynnt um ferðir sínar í Þjóðgarðinum og þar sem sótt er um leyfi ef setja á upp næturhólf innan hans eða ríða með fleiri en tuttugu hross í gegnum hann.
- ✓ Kannaðir verði möguleikar þess að Þjóðlenda austan við Þjóðgarðs verði hluti hans.
- ✓ Reglur um notkun fjarstýrðra loftfara, s.s. dróna, verði aðgengilegar hjá Þjóðgarðinum.
- ✓ Þjóðgarðurinn og Minjastofnun Íslands setji upp vöktunaráætlun vegna menningarminja innan Þjóðgarðs.
- ✓ Ástandsmat verði gert á minjastöðum sem nú þegar eru hluti af aðdráttarafli Þjóðgarðsins.
- ✓ Þjóðgarðurinn og Minjastofnun Íslands vinni áætlun um endurskoðun fornleifaskráningar innan Þjóðgarðsins.
- ✓ Drög unnin að kortlagningu vegna viðkvæmni lands út frá náttúru og minjum, með náttúrunýtingu í huga.

**2024**

- ✓ Unnið að því að græða upp gamlar námur.

**Ferðaleiðir**

- ✓ Áætlun um uppsetningu bekkja unnin.

**Vegir og bílastæði**

- ✓ Þjóðgarðurinn skoði skipulag við jökuljaðarinn í samstarfi við Vegagerðina.
- ✓ Leitað verði eftir fjármagni til að láta gera þarfagreiningu á bílastæðum við jökulinn og aðstöðu við þau.

**Annað**

- ✓ Bæklingar Þjóðgarðsins verði endurnýjaðir og aðgengilegir á heimasíðunni.
- ✓ Áætlun verði unnin um auðveldara aðgengi að drykkjarvatni í Þjóðgarðinum með fjölgun vatnspósta, jafnt á gestastofnum sem utandyra.
- ✓ Áætlun verði unnin um aðgerðir til að græða upp svæði þar sem gróðurþekja er rofin.
- ✓ Sett verði upp einfalt vöktunar- og skráningarkerfi sem starfsmenn Þjóðgarðsins geta sinnt í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir viðræðum við þar til bæra aðila og sveitarfélagið um hvernig best sé að minnka tjón af völdum minks.
- ✓ Á heimasíðu Þjóðgarðsins verði settur upp verkefnabanki þar sem áhugafólk getur fundið verkefni til að vinna að.
- ✓ Á heimasíðu Þjóðgarðsins verði sett upp svæði sérstaklega ætlað börnum og fræðslu fyrir þau.
- ✓ Á heimasíðu Þjóðgarðsins verði sett upp ítarefni og vefslóðir fyrir áhugafólk og kennara sem vilja fræðast um Þjóðgarðinn og/eða vinna verkefni tengd honum.
- ✓ Gerð verði fræðsluáætlun um Þjóðgarðinn.
- ✓ Fýsileikakönnun verði gerð varðandi aðstöðu til útivistar á Snæfellsjökli.

**Önnur verkefni skv. stjórnunar- og verndaráætlun, ekki tímasett**

- ✓ Úttekt verður gerð á kostum ferðaleiða gegnum Þjóðgarðinn.
- ✓ Áætlun gerð um fjölgun hringleiða í Þjóðgarðinum.
- ✓ Bekkir settir upp í samræmi við áætlun.
- ✓ Gerð verði þarfagreining á að setja upp föst næturhólf.
- ✓ Ákjósanlegir staðir fyrir áningarstaði verða merktir á korti.

## Aðgerðaáætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 2022 - 2024

- ✓ Reiðleiðirnar verði merktar inn á kortasjá Landsambands hestamanna.
- ✓ Þau svæði sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir flugi fjarstýrðra loftfara verði merkt inn á kort þjóðgarðsins.
- ✓ Lendingarstaðir þyrja verði skilgreindir, hnitsettir og merktir á kort þjóðgarðs og á kort.túngat.
- ✓ Samantekt yfir helstu rannsóknir verður sett sem ítarefni á heimasíðu þjóðgarðsins á vef Umhverfisstofnunar og niðurstöður rannsókna verði aðgengilegar á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Niðurstöður rannsókna verði nýttar við stjórn þjóðgarðsins, s.s stýringu gesta og uppbyggingu innviða.
- ✓ Niðurstöður rannsókna á lífríki verði settar fram á aðgengilegan máta fyrir almenning, nýttar til fræðslu fyrir gesti þjóðgarðsins, á sýningum á gestastofum og vefsvæði.

DROG